

Skólanámskrá Múlaborgar



Júlí 2011

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| INNGANGUR | 3 |
| LEIKSKÓLINN MÚLABORG | 3 |
| STARFSGRUNDVÖLLUR MÚLABORGAR..... | 3 |
| HUGMYNDAFRÆÐI OG UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR | 4 |
| MARKMIÐ LEIKSKÓLANS | 4 |
| STEFNA..... | 5 |
| LEIÐIR | 5 |
| DAGLEGAR VENJUR | 5 |
| <i>Matmálstímar</i> | 5 |
| <i>Hvöld</i> | 5 |
| NÁMSSVIÐ | 6 |
| LEIKURINN | 6 |
| <i>Frjáls leikur</i> | 6 |
| VAL | 6 |
| EININGAKUBBAR | 6 |
| HÓPASTARF | 6 |
| ÞEMA | 7 |
| HREYFING | 7 |
| MÁLÆKT | 7 |
| <i>PCS myndir (Boardmaker)</i> | 7 |
| <i>Tákn með tali</i> | 7 |
| <i>Samsverustundir</i> | 8 |
| <i>Veðurfræðingur</i> | 8 |
| <i>Börn af erlendum uppruna</i> | 8 |
| <i>Gæðastundir</i> | 8 |
| MYNSKÖPUN | 8 |
| TÓNLIST | 9 |
| NÁTTÚRA OG UMHVERFI..... | 9 |
| MENNING OG SAMFÉLAG | 9 |
| <i>Tölvur</i> | 9 |
| <i>Ferðir og nágrennið</i> | 9 |
| <i>Hefðir og hátíðir</i> | 10 |
| NÁMSKRÁ FYRIR ELSTU BÖRNIN | 10 |
| FORELDRASAMVINNA | 11 |
| MARKMIÐ..... | 11 |
| LEIÐIR | 11 |
| FORELDRAFÉLAGIÐ | 11 |
| <i>Hefðir og hátíðir í samvinnu við Foreldrafélag Múlaborgar</i> | 12 |
| STARFSMANNASTEFNA | 12 |
| MARKMIÐ..... | 12 |
| LEIÐIR | 12 |
| MAT Á STARFI LEIKSKÓLANS | 13 |
| <i>Innra mat</i> | 13 |
| <i>Ytra mat</i> | 13 |

Inngangur

Leikskólasvið Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008. Löggin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það hefur verið gefin út Aðalnámskrá leikskóla (2011) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Leikskóla Reykjavíkur að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Leikskólasvið Reykjavíkur leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu sem byggir á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.

Leikskólinn Múlaborg

Leikskólinn Múlaborg er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í Reykjavík, Ármúla 8a og koma börnin frá öllum hverfum Reykjavíkur. Í nágrenni Múlaborgar eru fjölda mörg fyrirtæki og stofnanir sem leikskólinn á í góðu samstarfi við, þar má nefna Styrktarfélagið Ás, Fjölbraitarskólinn við Ármúla, Ármúlaskóla, Skýrr og Lyngás.

Í Múlaborg eru 94 vistunarrými, þar af eru átta rými sérstaklega ætluð fötluðum börnum. Opnunartími leikskólans er alla virka daga frá kl. 7.30 til 17:15.

Virðing, traust og öryggi eru einkunnarorð Múlaborgar. Lögð er áhersla á að tekið sé á móti hverju barni af hlýju og virðingu til að barnið finni sig öruggt í leikskólanum. Komið er til móts við barnið með því að skipuleggja námsumhverfi sem nýtist öllum sem best.

Starfsgrundvöllur Múlaborgar

Leikskólinn Múlaborg leggur áherslu á jafnrétti í víðu samhengi. Jafnrétti felst meðal annars í því að jafna rétt karla og kvenna en einnig í því að einstaklingar með og án fötlunar geti fengið að njóta þess að læra, vinna og vera saman. Múlaborg vinnur að sameiginlegu uppeldi/kennslu barna með og án fötlunar. Á leikskólanum er margra ára reynsla og þróun á kennslu barna með fatlanir og er lögð áhersla á að þau fái að njóta bernsku sinnar eins og önnur börn í leikskóla. Kennslurými og kennsluáðferðir eru aðlagðar að hverju barni fyrir sig.

Hlutverk starfsfólks sé að mæta þörfum allra barna út frá styrk og getu hvers og eins og sjá til þess að allir geti notið og nýtt leikskólagönguna til vaxtar og þroska. Til þess að ná góðum árangri í starfi þarf starfsfólk að vinna með hinum ýmsum fag- og teymishópum.

Hugmyndafræði og uppeldislegar áherslur

Múlaborg starfar eftir stefnu um skóla án aðgreiningar sem er hugmyndafræði um framkvæmd og skipulag kennslu í skólastarfi oft nefnt, skóli fyrir alla.

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins eins og getið er um í Aðalnámskrá Leikskóla sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu árið 2011.

Hugmyndafræðin heiltæk skólustefna byggir á kenningum ýmissa fræðimanna. Má þar nefna í aðalatriðum;

Jean Piaget segir í bókum sínum að leikurinn sé barninu mikilvæg leið til að ná þroska. Er þar átt við félagsþroska jafnt og líkamsþroska. Börnin læra best af hvert öðru og með því að gera sjálf.

Howard Gardner talar um fjölgreindarkenningu sem fjallar um að allir hafa sína styrkleika. Börnin eiga að fá að njóta sín og læra á sínum eigin forsendum.

Hafdís Guðjónsdóttir lektor í sérkennslufræðum við kennaraháskóla Íslands hefur fjallað um kennslu fatlaðra og ófatlaðra barna. Hún hefur meðal annars talað um að skóli og nám án aðgreiningar gefi börnunum tækifæri til að eiga hlutdeild í skólastarfinu og fái náms- og félagslegum þörfum sínum mætt.

Lev Vygotsky leitast er við að koma til móts við barnið þar sem það er stöð.

Skipuleggja leikumhverfið og námsefni sem hæfir hverjum og einum.

John Dewey leggur áherslu á að virkja athafnaþörf barnsins og að vekja áhuga þess. Hin fleygu orð hans „Learning by doing“ að læra með því að fást sjálf við viðfangsefnið urðu einkunnarorð hans.

Markmið leikskólans

Markmið Múlaborgar er að framkvæma hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar á þann hátt að öllum börnum sé mætt út frá þörfum þeirra og foreldra þeirra. Markmið okkar er að stuðla að jafnrétti í víðu samhengi.

- Er að stuðla að jafnrétti allra barna.
- Er að koma til móts við þarfir allra barna.
- Er að stuðla að samvinnu allra fag- og uppeldisstétta.
- Er að efla félagslegan þroska barna og stuðla að umburðarlyndi og tillitsemi gagnvart öðrum.
- Er að efla alhliða þroska barnanna og auðvelda þeim þannig að takast á við lífið og framtíðina á ábyrgan hátt.

Heildtæk skólustefna er að tileinka sér ákveðið skipulag, vinnubrögð, vera með frjóar hugmyndir og fjölbreytta kennsluhætti. Sjá möguleika í að nýta þann margbreytileika sem getubreiður hópur býður uppá. Við komum í veg fyrir að börnin séu sett í flokka eftir getu eða að einblínt sé á það sem nemandi getur ekki. Við vinnum að því að

börnin læri að bera virðingu fyrir öllum einstaklingum. Þannig fá börnin undirbúning fyrir líf og starf í blönduðu samfélagi sem styður þá sem þess þurfa.

Stefna

- Leikskólinn sérhæfir sig í sameiginlegu uppeldi fatlaðra og ófatlaðra.
- Börn er fyrst og fremst börn með sömu frumþarfir, síðan getur hver einstaklingur haft sínar sérþarfir.
- Í samvirku námi eru allir metnir að eigin verðleikum og allir hafa tækifæri til að nýta hæfileika sína.

Leiðir

- Er val á viðfangsefnum
- Eru skipulagðar vinnustundir
- Er samvinnuverkefni
- Er náíð og gott foreldrasamstarf
- Er festa og gott skipulag
- Er jákvætt og hugmyndaríkt starfsfólk
- Er gott upplýsingaflæði
- Er fjölbreyttur og opin efniviður

Daglegar venjur

Venjubundnar athafnir sem tengjast líkamlegum þörfum barnanna og heilsu eins og að matast, hvíla sig, þvo sér og salerni. Þessar daglegu venjur eru fastir liðir í dagskipulaginu. Skipulagið og tímasetningin gefur leikskólastarfinu meiri festu og veitir börnunum aukið öryggi.

Matmálstímar

Ákveðnar reglur gilda um matmálstíma. Leitast er eftir að hafa matmálstíma rólega og þægilega stund. Börnin eru hvött til að bjarga sér sjálf og taka tillit til annarra með því að sýna kurteisi. Matarþjónar aðstoða við undirbúning. Börnin fá ávexti á miðjum morgni og seinni partinn en þá er lögð áhersla á að skapa rólega stund með börnunum til dæmis með rólegri tónlist eða sögulestri.

Hvöld

Öll börnin á leikskólanum fara í hvöld eftir matinn. Börn sem sofa eru í sér stofum og þau börn sem ekki sofa er boðið uppá að hlusta á sögur eða rólega tónlist.

Námssvið

Leikurinn

Börn læra í gegnum leikinn og því er lögð mikil áhersla á hann sem slíkan á Múlaborg. Frjáls leikur barnanna fer meðal annars fram í vali.

Frjáls leikur

Er kjarni leikskólastarfsins. Leikurinn er lífstjáning barnanna og gleðigjafi. Börnin tjá sig og læra samvinnu í leik meðal annars í hlutverkaleik blómstra þessir þættir. Frjálsi leikurinn eflir alhliða þroska barnanna svo sem líkams-, tilfinninga-, félagsþroska og fleira. Barnið er að læra og afla sér þekkingar þegar það leikur sér frjálst. Í leikjum með leikreglum læra börnin einnig að virða rétt annarra og einfaldar samskiptareglur. Við fylgjumst vel með leiknum og grípum inn í þegar þörf er á. Einn starfsmaður er á hverju svæði þar sem frjálsi leikurinn er.

Val

Öll börn þriggja ára og eldri taka þátt í vali sem nær yfir allan leikskólann og er öllum þáttum Aðalnámskrár sinnt á þeim tíma. Þar fá börnin tækifæri til að velja sér viðfangsefni sem ýtir undir sjálfstæði og frumkvæði hvers og eins. Börnin velja í litlum hópum með hópstjóra og fá góðan tíma og tækifæri til að segja hvað þau vilja gera og af hverju. Börn af öllum deildum blandast á svæðunum sem og starfsfólk. Svæðin eru alls 16 getur verið breytilegt. Yfir sumartímenn eru úti valsvæði.

Börn yngri en þriggja ára fara í könnunarleik. Í könnunarleiknum eru notaðir verðlausir hlutir úr umhverfinu eins og bönd, dollur, rör og könglar. Þarna fá börnin útrás fyrir meðfædda forvitni og geta notað hæfileikann til að einbeita sér.

Einingakubbar

Einingakubbar eru hannaðir af Caroline Pratt sem var barnakennari í New York fylki í kring um aldamótin 1900. Kubbarnir eru úr gegnheilum hlyn og ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Í kubbaleiknum eru gerðar kröfur um stærðfræðilegar lausnir sem efla hugtaka- og rúmskilning barnanna. Einnig hafa börnin þann möguleika að geta byggt heiminn á sínum forsendum og þeirri reynslu sem þau búa yfir (Pratt, Caroline. 1990). Hollow-kubbar eru byggðir upp á sömu hugmyndafræði.

Hópastarf

Á Múlaborg er börnunum skipt niður í fámenna hópa eftir aldri þar sem unnið er með ýmsa þætti tengda námssviðum aðalnámskrá leikskóla. Oftast er Könnunaraðferð notuð í hópastarfi með elstu börnunum. Hópastarf yngri barna er oftast tengt þema eins og litunum, líkamanum og fleiru. Könnunaraðferðin er náms- og kennsluáðferð

sem byggir á því að viðfangsefnið hverju sinni sé rannsakað ítarlega af litlum hópi barna. Þar fer fram uppgötvunarnám útfrá áhugasviði barnanna. Í rannsóknarferlinu eru börnin að afla sér þekkingar á viðfangsefni ásamt almennri lífsleikni. Viðfangsefni innan könnunaraðferðarinnar má tengja við öll námsvið leikskóla.

Þema

Þema er eitt ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í lengri eða styttri tíma út frá fleiri en einu sjónarhorni. Í þema er hægt að flétta inn í alla þætti leikskólastarfsins.

Hreyfing

Í salnum fara fram skipulagðar fjölbreyttar hreyfistundir. Öll vinna í sal hefur upphaf og endi. Í skipulögðum hreyfistundum byrja börnin á að setjast á mottur setja fötin sín í körfu og fara í stuttbuxur sem leikskólinn leggur til. Næst tekur við skipulögð dagskrá síðan er frjáls tími og að lokum setjast börnin á motturnar og hafa fataskipti. Deildirnar skiptast á að hafa afnot af salnum. Á valtímanum eru skipulagðar hreyfistundir í sal. Danskennsla fer fram einu sinni í viku.

Útivist er mikilvæg bæði vegna hreyfingarinnar og frjálsa leiksins og fara öll börn einu sinni til tvisvar út á dag.

Málrækt

Málörvun fer fram í öllu daglegur starfi, með því að tala við börnin, lesa, spila, hlutverkaleiki og fleira. Einnig er hópastarf kjörið til að vera með markvissa málörvun. Við notum ávallt tákni með tali.

PCS myndir (Boardmaker)

PCS myndir (*Picture Communication Symbols*) eru á lituðum bakgrunni og á hver orðaflokkur sinn lit. Myndirnar eru notaðar á öllum svæðum skólans. Dagskipulag skólans er sett upp með PCS myndum á öllum deildum. Undir myndinni er skrifað hvað myndin táknar.

PCS myndir eru meðal annars notaðar til tjáskipta fyrir þá sem geta tjáð sig að einhverju leyti en þurfa myndir sér til stuðnings. PCS myndir eru notaðar í einstaklings stundatöflur og dagskipulög fyrir þá sem þurfa. PCS myndir eru oftast notaðar með táknum með tali.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er hluti af menningu Múlaborgar. Við táknum lykilorðin í hverri setningu. Með því að nota tákni með tali verður tal skýrara og markvissara. Tákn með tali er leið til tjáskipta jafnframt því sem það örvar málvitund og málskilning barnsins. Við lærum eitt tákni á viku með söngtextum sem æfðir eru á hverri deild og í söngsal á föstudögum og setjum við táknið jafn óðum inn á heimasíðu leikskólans. Börn og

starfsfólk eru hver með sitt tákni. Starfsfólk á að nota tákni með tali í öllu daglegu starfi.

Samsverustundir

Þrisvar sinnum á hverjum degi sest hópurinn á deildinni saman til að syngja, hlusta á sögu, tala saman, velja verkefni og fleira. Í samverustund er spjallað um efni líðandi stundar og eftir því sem börnin hafa aldur og þroska til er viðfangsefnum skipt niður á hópinn svo sem að vera veðurfræðingur, matarþjónn, hafa umsjón með fataherbergi.

Börnin setjast niður í hóp ásamt starfsfólki og það er spjallað um málefni líðandi stundar, sungið, lesið og fleira. Stundum er börnunum skipt niður í minni hópa, og er þá farið eftir aldri og þroska barnanna. Í þessum stundum viljum við að börnin læri að sitja kyrr og hlusta og vera virkir þátttakendur í því sem við erum að gera hverju sinni og muna að nota alltaf tákni með tali. Í samverustund kl. 9:00 förum við yfir myndræna dagskipulagið og veðurfræðinginn.

Veðurfræðingur

Á hverjum morgni eru börnin til skiptist veðurfræðingar. Börnin kíkja út og athuga hvernig veður er. Þau segja hinum börnunum hvernig veður er úti og setja upp PCS myndir af veðrinu og nota tákni með tali (TMT). Þau segja og nota TMT og setja upp PCS myndir til að sýna í hvaða fót á að klæða sig og í hvaða röð á að fara í fötin. Börnin geta séð í fataklefa í hvaða röð á að fara í fötin þegar þau klæða út.

Börn af erlendum uppruna

Við vinnum eftir heildtækri skólafestunum tökum við tillit til allra. Í okkar starfi leggjum við ríka áherslu á málörvun til að mynda með tákni með tali og PCS myndum, við notum þessi tákni óspart til að börnin nái betur tökum á íslenskunni.

Gæðastundir

Gæðastundir eru þrisvar til fimm sinnum í viku. Gæðastundir eru stundir þar sem fá börn koma saman í hóp (þrjú til fimm börn) og fer þar fram markviss málörvun.

Myndsköpun

Markmið: Við notum opinn efnivið, gerum ekki óraunhæfar kröfur til barnanna, leyfum börnunum að vinna á eigin forsendum miðað við aldur og getu. Við örvum barnið, sköpum aðstæður og efnivið. Við stöndum vörð um að barninu sé ekki stýrt, sýnum barninu og verkum þess virðingu. Í valinu er boðið upp á skipulagt starf í listaskála eða unnið með hugmyndir frá börnunum.

Leiðir: Að skapa góðar aðstæður til myndsköpunar. Að kynna fjölbreyttan efnivið og vinnuaðferðir. Að vekja áhuga barnsins á umhverfi og náttúru. Að hafa efnivið aðgengilegan og leggja áherslu á að börnin tjái sig.

Tónlist

Markmið: Unnið er daglega með tónlist inn á hverri deild, mest er áherslan lögð á söng með táknum og hlustun. Boðið er upp á skipulagða tónlistarstund í valinu. Unnið er með hljóðfæri, einnig er spilað á gítar í söngstundum.

Söngsalur er haldinn einu sinni í viku en þar hittast allir í leikskólanum og syngja saman. Tveir starfsmenn stjórna söng og eru með fyrirfram skipulagða dagskrá. Í vikunni á undan hafa deildirnar æft lögin og táknið. Nánast öll lög sem sungin eru í söngsal eru táknuð.

Leiðir: Að skapa auðugt tónlistarumhverfi. Að hvetja börnin til að hlusta. Að börnin noti þau hljóðfæri sem til eru í leikskólanum. Að njóta þess að syngja saman og læra lög og texta. Að nota hljóðgjafa úr umhverfinu eins og spýtur, steina og fleira.

Náttúra og umhverfi

Allt árið um kring erum við að fjalla um náttúruna og umhverfið. Í samverustundum og hópastarfi er unnið sérstaklega með þessa þætti. Leikskólinn fer reglulega í vettvangsferðir tengdum þessu efni. Einnig eru til áhöld og tæki til náttúru- og umhverfisskoðana meðal annars stækkunargler, víðsjá, söfnunarbox og fleira. Á Múlaborg er matjurtagarður og taka börnin virkan þátt í honum. Einnig er stefnt að því að fara nánar í umhverfismennt.

Menning og samfélag

Tölvur

Unnið er markvisst með tölvur í Múlaborg og höfum við tölvu á hverri deild fyrir börnin. Börnin vinna í tveggja til þriggja barna hópum við tölvuna.

Markmiðið með tölvunotkun er málörvun, samhæfing augna og handa, skiptast á, taka tillit til annarra, æfa orsök og afleiðingu, þjálfna barnið í að hlusta og fara eftir fyrirmælum.

Ferðir og nágrennið

Börn og starfsfólk Múlaborgar fara í gönguferðir um nágrennið og kynna sér umhverfið. Múlaborg hefur átt í góðu samstarfi við nokkur fyrirtæki hér í grennd og hefur það verið nýtt í þágu barnanna. Einnig er farið reglulega í vettvangsferðir tengdar því sem unnið er með hverju sinni.

Hefðir og hátíðir

- Evrópski tungumáladagurinn og Dagur íslenskrar tungu eru haldnir hátíðlegir með ýmsu sniði.
- Á jólaaðventunni er haldið jólaball, kaffihús, föndurverkstæði og aðventukaffi fyrir foreldra.
- Öskudagurinn er haldinn með búningum, andlitsmálningu, balli og er kötturinn sleginn úr tunnunni.
- Vorferð er farin ár hvert og er það í höndum foreldrafélagsins og leikskólans að skipuleggja hana.
- Á bóndadaginn er haldið bóndakaffi og eru þá feður, afar, bræður og frændur velkomnir.
- Á konudaginn er haldið konukaffi og eru þá mæður, ömmur, systur og frændur velkomnir.
- Ein leiksýning eru sýnd á leikskólanum sem foreldrafélagið sér um.
- Stöðvadarar eru haldnir með reglulegu millibili. Misjafnt er hvað er í boði á stöðvunum hverju sinni og fer það eftir hvað er verið að vinna með. Þær geta verið um gamlar íslenskar hefðir, snerti-tilfinninga-bragðskyn, hreyfingu og ýmislegt fleira. Stöðvunum er raðað um allan leikskólann og börnunum á öllum deildum er raðað í litla hópum og svo rúlla hóparnir á milli stöðva með starfsmanni og eru í um það bil 10-15 mínútur á hverri stöð.
- Útskrift og útskriftarferð elstu barna er haldin í maí.
- Sumarhátíð og í tengslum við hana er opið hús.
- Ýmsar aðrar skemmtilegar uppákomur eru yfir árið og má þar með nefna litadagar, danssýningar og fleira.

Námskrá fyrir elstu börnin

- **Læsi og samskipti:** Þennan þátt eflum við í hópunum okkar, í vanaheimsóknnum í aðra leikskóla/grunnskóla og fleira. Málrækt: Skipulagðir málörvunartímar þar sem farið er í orðhlutaeyðingu, rím, sögugerðir, læra ljóð, koma fram og fleira. Málrækt er notuð við ýmsar aðstæður s.s. í fataklefa, á salerni, í samverustundum. Framsögn æfð í smærri og stærri hópum. Unnið er með HLJÓM-2 sem er tæki til að kanna hljóðkerfisvitund og er það gert að vori og hausti. Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.
- **Heilbrigði og vellíðan:** Börnin eiga að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Skipulögð hreyfistund er einu sinni í viku (Aðalnámskrá leikskóla 2011).
- **Sjálfbærni og vísindi:** Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með eins og náttúru og samfélag, mismunandi náttúruyfyrirbæri, vísindi og tækni. Rætt er við börnin um nánasta umhverfi og árstíðirnar kynntar fyrir þeim. Lögð er áhersla á vistvernd.

- **Sköpun og menning:** Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla 2011 þá á skapandi starf fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Lögð er áhersla á að kynna fyrir börnunum allar helstu hátíðir í íslensku samfélagi. Börnin vinna með fjölbreytt og skapandi efni og allir tjái sig um verkefni sín. Þannig læra börnin að virða verk hvers annars. Endurvinnsla er stór þáttur í uppeldisstarfinu. Börnin læra lög, ljóð, takt og að syngja saman.

Samstarf er á milli Múlaborgar, Álftaborgar og Álftamýraskóla.

Foreldrasamvinna

Markmið

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Leikskólinn veitir foreldrum stuðning við uppeldi og menntun barna þeirra. Því er mikilvægt að góð samvinna skapist strax í byrjun á milli foreldra og starfsfólks leikskólans, því þurfa báðir aðilar að sýna áhuga og viðleitni. Samskipti starfsfólks og foreldra eiga að byggjast á gagnkvæmum skilning, trausti og virðingu. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með og taka þátt í því starfi sem fram fer í skólanum.

Leiðir

Samstarfshópur þar sem starfa tveir foreldrar og þrír fulltrúar frá leikskólanum hittast reglulega og fara yfir leikskólastarfið og ræða mál sem viðkoma leikskólastarfinu og foreldrum.

- Í foreldraráði sitja tveir fulltrúar frá leikskólanum.
- Leggja áherslu á góð dagleg samskipti foreldra og starfsfólks.
- Foreldraviðtöl tvisvar á ári.
- Kynningarfundur að vori fyrir nýja foreldra.
- Foreldrafundur að hausti þar sem vetrardagskráin er kynnt.
- Þegar um er að ræða foreldra af erlendum uppruna er unnið eftir móttökuáætlun og fengnir túlkar til að ná sem bestu sambandi við foreldrana.

Foreldrafélagið

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og verða allir foreldrar og forráðamenn sjálfkrafa meðlimir þess þegar barn hefur dvöl hér í Múlaborg. Aðalfundur er haldinn að hausti þar sem starfsemi foreldrafélagsins er kynnt. Í stjórn foreldrafélagsins sitja tveir foreldrar af hverri deild ásamt tveim fulltrúum frá leikskólanum.

Foreldraráð starfar fyrir hönd félagsins, hlutverk foreldraráðs er lögbindið en í

Lögum um leikskóla segir í 11. grein: „Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, samanber 2. Málsgrein, 4. grein, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.“

Hefðir og hátíðir í samvinnu við Foreldrafélag Múlaborgar

- Sumarhátíð er haldin í samvinnu við Foreldrafélag Múlaborgar ár hvert.
- Farin er vorferð sem ákveðin er í samráði við foreldrafélagið. Foreldrar koma með í þessar ferðir.
- Foreldrafélagið hefur í samráði við leikskólann séð um eina leiksýningu á ári fyrir börnin í leikskólanum.
- Foreldrafélagið sér um jólaskemmtun ásamt leikskólastjóra og starfsfólki.

Starfsmannastefna

Markmið

Byggja upp sterkan starfshóp sem leggur áherslu á að ná fram góðri samvinnu allra fag- og uppeldisstétta.

Leiðir

Lögð er áhersla á að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt í samskiptum hvert annað og við börnin. Starfsfólk hvetji börnin og hvert annað til að leysa vandamál sem upp koma. Aðstoði börnin og hvetji til að ganga vel um og gangi vel frá efniviði. Starfsfólk skrái atferli og upplifanir barnanna í leiktímum.

Skipulagsdagar eru fimm á ári og eru notaðir til sjálfsstyrkingar og annarrar fræðslu innan skólans. Starfsfólk leikskólans er vakandi fyrir námskeiðum og ráðstefnum sem nýst getur þeim í vinnunni í leikskólanum.

Mat á starfi leikskólans

Innra mat

Við metum einn til þrjá þætti starfsins á ári. Við notum skriflegar kannanir og óformlegt mat.

Ytra mat

Annað hvort ár gera Leikskólar Reykjavíkur könnun meðal foreldra í leikskólanum.